

Dreifibréf 06/2007/LS

Heimildir lyfjafræðinema sem hlotið hafa tímabundið leyfi til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings

Lyfjastofnun hefur ítrekað orðið vör við í samskiptum sínum við lyfjabúðir að lyfjafræðinemar hlotið hafa tímabundið leyfi frá heilbrigðisráðuneytinu til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings starfi einir í lyfjabúðum án viðurvistar ábyrgs lyfjafræðings eða staðgengils hans, sem einnig skal vera lyfjafræðingur.

Samkvæmt 29. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, þá geta lyfjafræðinemar, sem lokið hafa 4. árs námi og tveggja mánaða vistun í lyfjabúð, sótt um leyfi til ráðherra til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðinga tímabundið. Í slíkum tilvikum skal lyfjafræðinemi *starfa með og á ábyrgð lyfjafræðings*.

Samkvæmt 4. mgr. 47. gr. reglugerðar um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir nr. 426/1997, *þá er lyfjafræðinema óheimilt að sinna aðstoðarlyfjafræðingsstörfum nema í viðurvist lyfjafræðings eða staðgengils hans, er einnig skal vera lyfjafræðingur*.

Lyfjastofnun bendir á að það er á ábyrgð bæði lyfjafræðinema sem hlotið hefur ofangreint leyfi og þess lyfjafræðings sem ber ábyrgð á viðkomandi í lyfjabúðinni að farið sé eftir þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum sem um þetta leyfi gilda.

Lyfjastofnun telur ámælisvert af lyfjafræðingi, sem ber ábyrgð á viðkomandi lyfjafræðinema, og rekstrarleyfishafa að heimila lyfjafræðinema, sem ekki hefur heimild til að sinna aðstoðarlyfjafræðingsstörfum nema í viðurvist lyfjafræðings, að starfa einum í lyfjabúðum.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 47. gr. lyfjalaga getur Lyfjastofnun beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja á um framkvæmd ráðstafana eða vegna brota á lögum:
veitt áminningu,
veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
ákveðið dagsektir, stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, m.a. lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Verði lyfjabúð uppvís að því að lyfjafræðinemar sem hlotið hafa tímabundið leyfi til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings séu einir í lyfjabúðinni má vænta þess að lyfjabúðinni verði lokað af Lyfjastofnun þar til hún hefur verið mönnuð lyfjafræðingi.

Lyfjastofnun